

## Dagskrá Iðunnar haustið 2022

Fastir viðburðir fram að áramótum eru: **fundir** í sal Tónskóla Sigursveins, Hraunbergi 2, **söngvökur** í umsjón Chris Foster og Báru Grímsdóttur haldnar í Gröndalshúsi á horni Fischersunds og Mjóstrætis og **kvæðalagaæfingar**, en þær verða ekki á föstum stað. Fyrsta æfingin verður haldin að Nönnugötu 6, 101 Reykjavík. Umsjón hefur Rósa Jóhannesdóttir. Farið verður í stutta sögugöngu í upphafi æfingar, sem hefst kl. 20.00 og stendur til kl. 21.45. Rósa fær ýmsa sér til aðstoðar með æfingarnar í vetur. Allir þessir viðburðir hefjast kl. 20:00

### **Kvæðalagaæfingar**

miðv. 5. okt. kl. 20:00  
miðv. 2. nóv. kl. 20:00  
miðv. 7. des. kl. 20:00

### **Söngvaka – Gröndalshús**

miðv. 19. okt. kl. 20:00  
miðv. 16. nóv. kl. 20:00

### **Fundir – Hraunberg 2**

**Tónskóli Sigursveins**  
föst. 7. okt. kl. 20:00  
föst. 4. nóv. kl. 20:00  
föst. 9. des. kl. 20:00

## Dagur rímnalagsins 15. september

Rímnatónleikar verða haldnir í Iðnó, Sunnusal (uppi) kl. 20:00. Fram koma úrvals kvæðamenn og tónlistarfólk: Ragnheiður Gröndal, Eyjólfur Eyjólfsson, Pétur Húni Björnsson, Pétur Oddbergur Heimisson, Rósa Jóhannesdóttir og börn, Bára Grímsdóttir og Chris Foster, Linus Orri Cederborg Gunnarsson og Kvæðakórinn. Rósa Þorsteinsdóttir verður kynnir. Aðgangur ókeypis.

Vakin er athygli á því að **Segulbönd Iðunnar** eru tilvalin til gjafa og eru nú fáanleg á 5.000 kr. Hafið samband við Rósu Þorsteinsdóttur á netfangið [rosat@hi.is](mailto:rosat@hi.is) eða í síma 8470870.



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

140. tölublað – 43. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ágúst 2022

Ábm: Bára Grímsdóttir

## **Haustferð Iðunnar laugardag 3. september**

Í ár verður stefnan tekin á Snæfellsnes. Farið verður frá BSÍ klukkan 8:00 á slóðir rímnaskáldanna Guðmundar Bergþórssonar og Sigurðar Breiðfjörðs, einnig Bjarna Valtýs Guðjónssonar og Skáld-Rósu. Fyrsti stans verður í kirkjunni á Borg á Mýrum, þar sem Þórólfur Árnason tekur á móti okkur. Hann fer með okkur inn í Hítardal þar sem við snæðum nesti. Frá Vegamótum verður Ragnhildur Sigurðardóttir leiðsögukona með okkur. Haldið verður í Grundarfjörð þar sem við fáum kjötsúpu í hádeginu. Ferð okkar liggur þá um þjóðgarðinn Snæfellsjökul, sem að margra mati er einn fallegasti staður landsins. Saxhóll og Djúpalónssandur verða á meðal áfangastaða og eru góðir gönguskór því mikilvægir. Þau sem treysta sér geta gengið frá Hellnum að Arnarstapa ef tími vinnst til. Hin geta notið Hellna, keypt sér kaffi á kaffihúsinu eða farið að Maríulind og síðan með rúttunni að Arnarstapa. Þar verður staldrað við við minnisvarða Guðmundar Bergþórssonar rímnaskálds sem Páll á Húsafelli gerði að beiðni Iðunnar 2011. Kvöldverður verður snæddur á veitingahúsinu Rjúkanda þar sem boðið verður upp á möndluhjúpaðan þorskhakka m/sósu, grænmeti og kartöflum og tiramisú í eftirrött.

Áætluð heimkoma kl. 22:00

Verð fyrir Iðunnarfélagi er 10.000 kr. Innifalið er rúta, leiðsögn, hádegisverður og kvöldverður. Aðrir greiða 12.000 kr. Grænmetisréttir eru í boði fyrir þá sem vilja. Félagar eru hvattir að koma vel nestaðir og skóaðir og klæddir eftir veðri.

Þátttaka tilkynnist Atla Frey Hjaltasyni á netfangið [atlifreyr99@gmail.com](mailto:atlifreyr99@gmail.com) eða í síma 847 6318 í síðasta lagi föstudaginn 26. ágúst. Mikilvægt er að tilkynna óskir um grænmetisfæði við skráningu.

### **Eldgos í Meradölum**

Eftir nokkurt moð og más og marga kenninguna rifnaði eins og rennilás rauf í jarðskorpuna.

Gunnar J. Straumland

### **Gloppótt minni**

Vísa hverfur ein og ein yfir gleymsku sjónarhring. Enn ég man þó einhvern stein og íhaldsaman snjótittling.

Þórarinn M. Baldursson

### **Sjómanna dagur 12.6.2022**

Aldrei ég úr ægi dró eitthvað grand, meig þó oft í saltan sjó og sigldi í strand.

Jón Ingvar Jónsson

### **Heilræðavísur**

Tærast mun og teljast best tölvuna að slökkva, líðan eykur, lækna flest að labba um og stökkva.

Andlegt hret fer hænufet hamingjan fast skorðast. Miðlar, net og morkið flet máttu jafnan forðast.

Svefninn góður særir styggð sofðu blundinn væra.

Visku mun og vekja dyggð, vísindi að læra.

Hollustu í morgunmat máttu fá með kæti.

Ekki éta á þig gat óhollt er sælgæti

Viðkvæma þú vernda skalt, vonlitla og snauða.

Hjálpin getur hundraðfalt hindrað eynd og dauða.

Höskuldur Búi Jónsson

### **Rímstol**

Sál mín er lasin og lúin, lögst er á dánarbeð trúin, andagift öll frá mér snúin, ævi mín hamingju rúin.

Nú heilsumst við varla, við hjúin, því hundleið er á þessu frúin, og næstum því frá mér er flúin, af forhertri sjálfelsku knúin. Að baki mér feyskin og fúin fuðrar upp síðasta brúin, og rímorðin reynast hér búin.

Mín gruggugu sálarvötn gárast, hér gerðist hvað skáldum finnst sárast; ég varna því tæpast að tárast þótt tjói mér varla að fárast ef rímið úr kladdanum klárast.

Þórarinn M. Baldursson

### **Við lát Sigmundar Benediktssonar**

Beri þig um blámans haf, burt af velli stríða, ljóðsins gyðja er ljúf þér gaf listavængi fríða.

Sigrún Haraldsdóttir

Oft mig þjakar eynd og beygur, einsemd þvæla og rugl. Ég er ekki orðinn fleygur, aðeins lítill fugl.

Jón Ingvar Jónsson

Eigum leið um urð og mó efst í heiðardrögum. Dulræn seiðir draumsins ró drótt í eyðihögum.

Ingólfur Ómar Ármannsson

### **Nýtt tilverustig**

Staða mín er giska góð nú get ég hlakkað til. Ég mun yrkja land og ljóð og lesa' allt sem ég vil.

Sigurlín Hermannsdóttir

Ótti, kulnun, andleg þreyta . . . . . einu nafni kallast streita. Hatur, skelfing, heift og kvíði . . . hóta meðal annars stríði.

Sigurður Þór Bjarnason

### **Þjóðararfurinn**

Allir vita að þessi þjóð þekkir andans glímur. Hún á sögur, hún á ljóð hún á langar rímur.

Sigurlín Hermannsdóttir

### **Rökkvi**

Dansar garpur dillandi, dúnmjúkt, skarpa bakkann. Glóey varpar glitrandi glampa á jarpa makkann.

Sigrún Haraldsdóttir